

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 132/2025

frá 13. júní 2025

um breytingu á VII. viðauka (Viðurkenning á faglegri menntun og hæfi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/505 frá 7. febrúar 2024 um breytingu á tilskipun 2005/36/EB að því er varðar viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi hjúkrunarfræðinga í almennri hjúkrun sem hlutu menntun sína í Rúmeníu ⁽¹⁾.
- 2) VII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 1. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB) í VII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32024 L 0505**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/505 frá 7. febrúar 2024 (Stjtíð. ESB L, 2024/505, 12.2.2024).“

2. gr.

Texti tilskipunar (ESB) 2024/505, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L, 2024/505, 12.2.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2024/505/oj>

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 13. júní 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING